

Ársskýrsla Landsaðgangs að
rafrænum gagnasöfnum og tímaritum
2012

Efnisyfirlit

1.0 Framkvæmd	1
2.0 Stjórnarnefnd	2
3.0 Samningar um landsaðgang	5
4.0 Þjónusta	7
5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla	7
6.0 Notkun	9

LANDSAÐGANGUR að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland.

Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift fyrir allt landið gilda um.

Á hvar.is, vef Landsaðgangsins, eru veittar upplýsingar um gögnin, þar eru listar yfir gagnasöfn, bækur og tímarit í aðgangi og boðið upp á samleit í því efni sem aðgangur er að. Auk þess eru upplýsingar um íslensk gagnasöfn og efni í opnum aðgangi.

1.0 FRAMKVÆMD

Skv. lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) nr. 142/2011 er það verkefni safnsins að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Það er meðal annars gert með því að annast framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í samráði við helstu hagsmunaaðila. Í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi segir að nú þyki rétt að lögfesta þetta hlutverk sem eitt af viðfangsefnum safnsins. Samhliða breytingunni varð framlag ríkisins vegna þeirra áskrifta sem um ræðir í þessum aðgangi og framkvæmd samninga vegna þeirra hluti af fjárveitingum til safnsins á fjárlögum. Áður sá safnið um verkefnið skv. þjónustusamningum við menntamálaráðuneytið.

Á fjárlögum ársins 2012 var úthlutað 36,6 milljónum kr. til Landsaðgangs á fjárlögum. Það fé rennur til rekstrar verkefnisins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2012 var 236 milljónir, þar af 11,8 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu 224,3 milljónir. Sérstakt framlag ríkissjóðs 2012 vegna stöðu krónunnar var 82 milljónir kr.

Árlega er einhver hluti útsendra reikninga ekki greiddur. Reynt er að innheimta þá eða semja um greiðslur, en þar sem engir formlegir samningar eru milli greiðenda og Landsaðgangsins, er erfitt að halda innheimtunni til streitu. Á árinu var afskrifað í samráði við Ríkisendurskoðun vegna ársins 2008, tæpar 1.5 milljónir kr.

Umsjónarmaður Landsaðgangs síðan 2008 er Birgir Björnsson. Störf hans felast m.a. í umsýslu, kynningu, þjónustu við notendur, eftirliti með íslenskum IP-sviðum fyrir birgja Landsaðgangs, umsjón með vefnum hvar.is og ýmsu sem tengist landssamningum. Nokkrir aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum tengdum Landsaðgangi s.s. samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu, fjárumsýslu og vefmálum. Þá hafa bæst við verkefni vegna innleiðingar SFX krækjukerfisins og bX ábendingaþjónustunnar og virkjun áskriftanna í Primo Central Index auk tenginga við leitargáttina Leitir.is sem var opnuð í nóvember 2011. Þessi störf samsvara yfirleitt um tveimur ársverkum í safninu, en hafa verið umfangsmeiri á árinu m.a. vegna nýju kerfanna.

2.0 STJÓRNARNEFND

Samkvæmt fyrri þjónustusamningum hefur landsbókavörður haft fimm manna stjórnarnefnd sér til ráðgjafar og hefur því fyrirkomulagi verið haldið eftir að verkefnið varð lögbundið verkefni Lbs-Hbs. Hlutverk stjórnarnefndarinnar er að:

- a) Taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í Landsaðgangi.
- b) Ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hveirrar stofnunar.
- c) Gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár.
- d) Taka þátt í og/eða fylgjast með samningagerð við birgja.

Stjórnarnefndin hélt 9 fundi á árinu. Auk þess tóku nefndarmenn þátt í kynningarfundum á vegum útgefenda. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 8. júní 2007.

Stjórnarnefnd var síðast tilnefnd á ársfundi 2010. Í stjórnarnefnd 2010-2013 voru tilnefnd Anna Torfadóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Andrea Jóhannsdóttir, Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís Hafstað, Sigurður Hafsteinsson, varamaður Baldvin Zarióh og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Sveinn Ólafsson. Ásdís Hafstað kom inn sem varamaður Önnu Sveinsdóttur fyrri hluta ársins. Sigurður Hafsteinsson lét af störfum við Háskóla Íslands og kom Baldvin Zarióh inn sem aðalmaður. Anna Sigríður Guðnadóttir kom inn sem varamaður seinni hluta ársins í stað Sólveigar Þorsteinsdóttur sem var í leyfi. Þóra Sigurbjörnsdóttir og Erla Kristín Jónasdóttir komu inn sem varamenn Önnu Torfadóttur borgarbókavardar, sem lést 30. nóvember 2012. Henni eru færðar þakkir fyrir störf hennar í þágu Landsaðgangsins en hún studdi og fylgdist með verkefninu frá upphafi og sat í stjórnarnefnd frá 2007. Pálína Magnúsdóttir nýr borgarbókavörður kom inn sem aðalmaður í september.

Verkefni stjórnarnefndar

Stjórnarnefnd samþykkti fjárhagsáætlun Landsaðgangs 2012 og gekk frá greiðsluskiptingu tímarita og gagnasafna fyrir árið 2012. Meðal annarra verkefna má nefna skipan í samninganefnd, eftirlit með innheimtu, greiðslum og afskriftum, umfjöllun um notkun efnis í Landsaðgangi, samráð við menntamálaráðuneytið um fjármögnun Landsaðgangs, samskipti við birgja, umfjöllun um tilboð, vefmál o.fl.

Landsaðgangur hefur verið þátttakandi í ICOLC (International Coalition of Library Consortia) síðan 2009 og hefur aðgang að póstlista samtakanna. Þá gerðist samlagið aðili að COUNTER (Counting Online Usage of Network Electronic Resources) árið 2010 og hefur aðgang að upplýsingaveitum samtakanna. Samtökin hafa haft frumkvæði að þróun samnefndra staðla um talningu á notkun rafræns efnis. Krafa er gerð um að þeir útgefendur sem skipt er við noti COUNTER staðalinn.

Samninganefnd

Í samninganefnd vegna nýrra samninga fyrir árin 2013-2015 voru Edda G. Björgvinsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Birgir Björnsson. Þá tóku Sólveig Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir þátt í samningaviðræðum.

Stjórn og samninganefnd komu sér saman um samningsmarkmið vegna samningagerðar á árinu. Ekki tókst alltaf að ná markmiðunum. Ákveðið var að yfirlýsing *ICOLC-samtakanna, Statement on the Global Economic Crisis and Its Impact on Consortial Licenses* frá 2010 yrði höfð til hliðsjónar. Meðal samningsmarkmiða voru:

- að uppsagnarákvæði (opt-out clause) verði í öllum samningum.
- að tekið verði mið af núverandi samningum. Búast megi við að fyrstu drög sem viðsemjendur sendi verði staðlaður samningur frá þeim og jafnvel verulega breyttur.
- að ákvæði um lýsigögn (metadata) fyrir Primo Central Index vegna samþættrar leitarvélar Leitir.is verði í samningum sé þess kostur. Nota skal tilbúinn texta eða klausu frá ExLibris eða Landskerfi bókasafna.
- að heimiluð verði birting vísindagreina eftir Íslendinga sem eru afurðir rannsókna sem kostaðar hafa verið af opinberu fé, í opnum aðgangi í varðveislusöfnum s.s. *Skemmunni* og *Hirslunni*. Athuga þarf mögulegan texta til að nota í þessu skyni.

- að hækkanir verði sem minnstar. Stefnt verði að því að árlegar hækkanir verði 0% en að hámarki 3%. Til greina komi einnig að hækkanir hlaupi á broti úr prósentustigi, t.d. 0,1% eða 0,5%.

Samningar 2013-2015-2017

Samningaviðræður við birgja hófust um sumarið og í lok árs var staðan þessi:

- Encyclopedia Britannica – samið til þriggja ára 2012-2014 en samningurinn rennur út í á fyrri hluta árs 2015 Elsevier – samið til fimm ára 2013-2017
- Greinasafn Morgunblaðsins – unnið er að gerð samnings
- Oxford Art and Music Online (Grove söfnin) – samið til þriggja ára 2013-2015
- Web of Science – samið til þriggja ára 2013-2015 ásamt landsaðgangi að Journal Citation Reports
- EBSCOhost – endurnýjaður samningur til eins árs 2013
- ProQuest – endurnýjaður samningur til eins árs 2013
- Science Direct – Elsevier – samið til fimm ára 2013-2017
- Karger Online – endurnýjaður samningur til eins árs 2013
- Sage Premier – samningur endurnýjaður til eins árs 2013 og samningaviðræðum haldið áfram á árinu vegna 2014 og 2015
- SpringerLink – samið til þriggja ára 2013-2015 og þar á meðal um rafbækur í landsaðgangi
- Wiley (Blackwell-Synergy) – búið var að semja vegna 2012-2015

3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Engar breytingar urðu á áskriftum í Landsaðgangi 2012 frá fyrra ári.

Gagnasöfn:

- Encyclopedia Britannica (School edition og Academic edition)
- Greinasafn Morgunblaðsins - með 3ja ára birtingartöf
- Oxford Art Online (Grove Art)
- Oxford Music Online (Grove Music)
- Web of Science

Britannica og Oxford Art og Music Online (Grove-söfnin) eru söfn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum og með síðari tíma viðbótum á vef. Web of Science er tilvísanasafn og sýnir útdrátt og bókfræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum. Hægt er að sækja heildartexta greina með SFX krækjuckerfinu þegar aðgangur er að grein í gagnasafni eða tímaritasafni í Landsaðgangi.

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í lok árs 2012:

- EBSCOhost
 - Academic Search Premier (8.610 titlar, þar af 4.566 í fullum texta)
 - Business Source Premier (3.457 titlar, þar af 2.219 í fullum texta)
 - MasterFile Premier (2.688 titlar, þar af 1.678 í fullum texta)
 - Fjöldi titla í fullum texta í EBSCOhost er 6.600 þegar búið er að taka tillit til tvítaka
- ProQuest Central (14.424 titlar, þar af um 9.031 í fullum texta)

EBSCOhost og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman aðgangsréttindum í stóra pakka. Aðgangur að um 10% titlanna er með birtingartöf. Birtingartöfin er frá einum mánuði upp í eitt ár. Nokkur skörun er milli EBSCO safnanna og ProQuest.

Eftirfarandi tímaritasöfn eru frá einstökum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í desember 2012:

- Elsevier ScienceDirect (2.070 titlar)
- Karger Online (103 titlar)
- Sage Premier (596 titlar)
- SpringerLink (1.430 titlar)
- Wiley (Blackwell-Synergy) (764 titlar)

Aðgangur að ritum þessara útgefenda nær til nærri allra rita sem þau gefa út sjálf og til rita frá öðrum útgefendum sem þau hafa tekið með í aðgangspakka.

Kostnaður við áskriftir var 236 milljónir kr., þar af 45,2 milljónir kr. fyrir gagnasöfn og 179,1 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 36,6 milljónir kr. og var 26,3 milljónum kr. varið til greiðslu á aðgangi en framlag um 200 greiðenda var 106,7 milljónir kr. Fjárveiting til Landsbókasafns var hækkuð um 82 milljónir kr. vegna landsaðgangs þegar lögum um safnið var breytt í lok árs 2011. Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og önnur rannsóknabókasöfn. Þau greiða stærsta hluta tímaritasafna (ScienceDirect, Karger, Sage Premier, Springer og Wiley), aðgang að Web of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn, fyrirtæki og samtök greiða hluta aðgangs að samsöfnum (EBSCOhost og Proquest Central) og aðgang að gagnasöfnum (Britannica, Oxford Online-söfnin og greinasafni Morgunblaðs) ásamt háskólabókasöfnum.

Í Landsaðgangi voru 20.815 tímarit í fullum texta. Talsverð skörun er á titlum í EBSCOhost, ProQuest og öðrum söfnum.

Kostuð gagna- og greinasöfn

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við Landsaðgang og það sama á við um tölur um notkun.

Kostuð gagna- og greinasöfn:

- ASCE og EiVillage með Compendex
- OVID
- Journal Citation Reports

Aðilar sem kosta aðganginn:

Verkfræðideild HÍ, Háskólinn í Reykjavík, EFLA verkfræðistofa, Landsvirkjun, Mannvit, Orkuveita Reykjavíkur og VERKÍS.

Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Háskóli Íslands

Opinn aðgangur (OA)

Á vef Landsaðgangsins – hvar.is, er eru krækjur á gagnasöfn og ýmislegt efni sem er opnum aðgangi (Open Access - OA). Þar eru einnig tenglar á rit sem hafa verið í áskrift í Landsaðgangi en eru nú í opnum aðgangi. Þá er í gegnum Tímaritaskrá A-Ö (krækjuckerfi SFX) veittur aðgangur að tæplega 7.000 tímaritum í opnum aðgangi hjá DOAJ (Directory of Open Access Journals).

4.0 ÞJÓNUSTA

Vefurinn hvar.is er aðal þjónustuleið Landsaðgangsins. Miðlægt á forsíðu vefsins er leitargluggi samþættrar leitarvélar (Primo) en einnig er hægt að komast af vefnum beint á leitur.is og í Tímaritaskrá A-Ö. Á vefnum eru einnig tenglar í Google Scholar, HighWire og Scirus en í gegnum krækjukerfi þessara leitarvéla er einnig hægt að komast í greinar í Landsaðgangi. Þá geta notendur sótt smáforrit eða öpp (apps) fyrir einstök gagnasöfn til að nota í snjallsímum og spjaldtölvum. Að auki eru tenglar á gagnasöfn í opnum aðgangi (OA) og rafrænar orðabækur í opnum aðgangi.

Verkefnaáætlun 2011-2012

Á vegum Lbs-Hbs er unnið að árlegum verkefnaáætlunum og tekur umsjónarmaður þátt í því starfi. Þar eru sett fram verkefni sem falla utan daglegra starfa.

Upptöku- og miðlunarkerfið e-Mission er notað við upptökur á viðburðum á vegum safnsins og Landsaðgangs. Upptökur af kynningum og viðburðum sem fram fara eru gerðar aðgengilegar á vefnum.

Á árinu 2012 vann umsjónarmaður ásamt starfsfólki Landskerfis bókasafna að því að meta virkni Primo Central.

5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA

- Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 250 bæklingum árið 2012 samanborið við 1.412 bæklinga árið 2011.
- Umsjónarmaður var með kynningu á Landsaðgangi á námskeiðum í bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ í janúar.
- Umsjónarmaður var með kynningu fyrir kennara í Kvennaskólanum í september.
- Umsjónarmaður var með kynningu í Keili í október.
- Umsjónarmaður var með kynningu á fundi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum sem fram fór Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi í október.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang fyrir erlendum gestum Lbs-Hbs nokkrum sinnum á árinu.

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vef Landsaðgangs, hvar.is og á póstlistanum Skrudda, um bókasafna- og upplýsingamál. Á árinu opnaði Landsaðgangur fésbókarsíðu (Facebook). Að auki voru sendar fréttir á póstlistann hi-starf@hi.is sem berst starfsmönnum Háskóla Íslands.

Umsjónarmaður tók þátt í starfi vinnuhóps um upplýsingalæsi á vegum háskóla-
bókavarda.

Umsjónarmaður tók þátt í starfi undirbúningshóps fyrir rafbókaráðstefnu Upplýsingar og
Norræna hússins sem fram fór 5. mars.

Umsjónarmaður sótti málþing um opinn aðgang og stafrænt frelsi sem fram fór 29. mars.

Umsjónarmaður tók þátt í undirbúningshópi vegna Bókasafnsdagsins 17. apríl á vegum
Upplýsingar.

Umsjónarmaður veitti bókasöfnum aðstoð vegna kostaðra áskrifta í Landsaðgangi og
minni sérsamlaga s.s. ASCE, EiVillage og CSA.

Umsjónarmaður sótti NordicMeeting í Stokkhólmi í lok maí en á þessum fundum sem
haldnir eru árlega á Norðurlöndum hittist starfsfólk norrænna bókasafna og samlaga sem
vinnur við kaup á rafrænum tímaritum og gagnasöfnum.

Tilraunaaðgangur

Tilraunaaðgangur var að verkfræðisafninu ProQuest Engineering Collection í maí.

Heimsóknir

Mark Turner hjá Oxford University Press (Grove söfnin) hélt kynningu 29. febrúar í
fyrirlestrarsal Lbs-Hbs fyrir starfsfólk bókasafna.

Bjorn Olofsson hjá ProQuest hélt veffund þar sem hann kenndi á leitarviðmót ProQuest
Central 8. mars.

Ingolf Kaspar hjá EBSCOhost hélt kynningu í fyrirlestrarsal Lbs-Hbs 2. apríl á rafbókum
og EBSCOhost Mobile þjónustunni. Auk þess kenndi hann á leitarviðmót EBSCOhost í
tölvuveri Þjóðarbókhöfðu sama dag.

Emma Swann hjá Thomson Reuters (Web of Science) hélt kynningu á helstu breytingum í
nýrri útgáfu leitarviðmóts Web of Science og stóð fyrir kennslu í tölvuveri
Þjóðarbókhöfðu 11. Apríl.

6.0 NOTKUN

Tölur um notkun koma frá útgefendum og birgjum sem frá og með 2012 styðjast allir við COUNTER-staðalinn við söfnun notkunartalna ef frá er talin Encyclopedia Britannica sem ekki hefur fengið vottun frá COUNTER samtökunum, en segist styðjast við COUNTER staðalinn. Hjá útgefendum og samsöfnum eru taldar sóttar greinar í fullum texta. Web of Science er tilvísanasafn, sem geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan texta greinanna, heldur vísar í hann. Notkun á tilvísanasafninu Web of Science er mæld í heimsóknum (sessions) og leitum (queries).

Tafla 1. Tímaritasöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Tímaritasöfn	2012	2011	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
Elsevier ScienceDirect	312.552	259.611	20,39%
Karger Online	2.958	4.303	-31,26%
SAGE Premier	69.638	67.455	3,24%
SpringerLink	59.356	60.491	-1,88%
Wiley (Blackwell-Synergy)	116.570	99.636	17,00%
Samtals	561.074	491.496	14,16%

Tafla 2. Samsöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Samsöfn	2012	2011	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
EBSCOhost	104.854	95.450	9,85%
ProQuest Central	182.593	195.668	-6,68%
Samtals	287.447	291.118	-1,26%

Tafla 3. Gagnasöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Gagnasöfn	2012	2011	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
Encyclopedia Britannica	409.093	332.814	22,92%
Oxford Art Online (Grove Art)*	1.327	4.697	-71,75%
Oxford Music Online (Grove Music)*	2.868	8.677	-66,94%
Samtals	413.288	346.188	19,40%

*Notkunartölur Oxford Online (Grove söfnin) eru ekki sambærilegar. Árið 2011 var farið eftir talningareglum ICOLC en eftir staðli COUNTER 2012.

Tafla 4. Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingartöf, fjöldi sótttra greina.

Greinasafn	2012	2011	Breytingar
Morgunblaðið	2.598.155	2.942.890	-11,71%

Tafla 5. Samanlagður fjöldi sótttra greina í fullum texta.

Samanlagður fjöldi sótttra greina	2012	2011	Breytingar
Öll tímarita- og gagnasöfn	3.859.964	4.071.692	-5,20%
Tímarita- og gagnasöfn að Morgunblaðinu undanskildu	1.261.809	1.128.802	11,78%

Tafla 6. Tilvísanasafn, fjöldi heimsóknna og fjöldi leita.

Tilvísanasafn	2012	2011	Breytingar
Web of Science (heimsóknir/sessions)*	114.551	120.954	-5,30%
Web of Science (leitir/queries)*	212.483	237.156	-10,41%

* Í byrjun árs 2013 uppgötvaðist að notkun 2008-2011 var oftalin.

Tafla 7. Vefgáttin hvar.is.

Vefgáttin hvar.is	2012	2011	Breytingar
Notendur (users)	54.263	63.107	-14,02%
Heimsóknir (sessions)	88.101	103.218	-14,65%
Síðuflettingar (page impressions)	202.338	196.244	3,1%

Umferð um hvar.is er mæld af Modernus með samræmdri vefmælingu. Reglur um samræmdar vefmælingar eru birtar á www.modernus.is. Árið 2012 var uppsafnaður fjöldi notenda um 14% færri en árið áður. (Notandi er mældur einu sinni í hverri viku eftir IP-tölu). Heimsóknnum fækkaði um 14,65% á árinu. Síðuflettingum (hver einstök tenging notanda við vef) fjölgaði hinsvegar um 3,10%

Leiðir notenda til að finna efni í landsaðgangi hefur fjölgað undanfarin ár og því eðlilegt að notkun á vef Landsaðgangs – hvar.is hafi minnkað. Efni í landsaðgangi er finnanlegt eftir ýmsum leiðum, s.s. frá vefjum bókasafna, skóla eða annarra stofnana, frá leitir.is, með leitarvélum eins og Google og Google Scholar og gegnum þjónustur svo sem HighWire og Scirus.

Yfirlit

Fjöldi söttra greina í tímaritasöfnum fjölgaði um 14,16% miðað við fyrra ár. Söttum greinum hjá Karger fækkaði um 31,26% en fjölgaði hjá Science Direct um 20,39%. Aukning er á fjölda söttra greina hjá SAGE um 3,24% en hjá Springer fækkaði um 1,88%. Hjá Wiley fjölgaði söttum greinum um 17%. Í byrjun árs 2013 kom í ljós að vegna mistaka hjá SAGE hafði notkun 2011 verið oftalin. Þá kom einnig í ljós vantalning hjá Wiley fyrir 2011 og því eru í þessari skýrslu aðrar tölur fyrir þessa útgefendur. Þá er samtala fyrir tímaritasöfn 2011 önnur en birtist í ársskýrslu 2011.

Heildarfjöldi söttra greina í fullum texta í samsöfnum fækkar um 1,26%. Hjá EBSCOhost varð 9,85% aukning á fjölda söttra greina, en hjá ProQuest varð fækkun um 6,68%.

Notkun á Encyclopædia Britannica jókst um 22,92%. Oxford University Press hóf að telja notkun eftir COUNTER staðli en notaði áður ICOLC reglur. Tölur 2011 og 2012 eru því ekki sambærilegar.

Fjöldi söttra greina í greinasafni Morgunblaðsins minnkaði um 11,71% á árinu 2012. Um er að ræða söttar greinar sem eru eldri en 3ja ára og söttar af íslenskum IP-tölum öðrum en köngulóm (crawlers) leitarvéla.

Samanlagður fjöldi söttra greina í tímarita-, sam- og gagnasöfnum að Morgunblaðinu meðtöldu dróst saman um 5,20%. Samanlögð notkun tímarita- og gagnasöfnum fyrir utan Morgunblaðið jókst um 11,78%.

Heimsóknum í Web of Science fækkaði um 5,30% og leitum fækkaði um 10,41%.

Fjöldi notenda á vefgáttina hvar.is fækkaði um 14,02%, heimsóknum fækkaði um 14,65% en síðuflettingum fjölgaði um 3,10%.

Heildarnotkun áskrifta jókst á milli ára. SAGE og Wiley leiðréttu notkun 2011. Aukning varð hjá þremur af fimm útgefendum, Elsevier, SAGE og Wiley en hjá Karger og Springer varð notkun minni en 2011. Notkun hjá EBSCOhost jókst en minnkaði hjá ProQuest þriðja árið í röð. Notkun hjá Encyclopedia Britannica hélt áfram að aukast þriðja árið í röð en frá árinu 2007 hefur notkun á Grove söfnunum minnkað árlega. Talning 2011 og 2012 er ekki sambærileg hjá þeim en gera má ráð fyrir að notkun hafi minnkað áfram. Engin tilkynning barst um að leitarvélum hafi verið veittur aðgangur að Grove söfnunum. Heildarnotkun á efni frá tímaritaútgefendum jókst en hugsanlegt er að bætt aðgengi að efnum í gegnum leitarþjónustur eins og leitar.is hafi stuðlað að því.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á vef Landsaðgangs - hvar.is, á undirsíðunni *Um landsaðgang og velja svo Notkunartölur*.

Mars 2013,

Birgir Björnsson

umsjónarmaður Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.